

Skipulagssvið Akureyrarbæjar  
Pétur Ingi Haraldsson sviðsstjóri  
Geislagata 9, 600 Akureyri  
Sent rafrænt til: [peturingi@akureyri.is](mailto:peturingi@akureyri.is)

Akureyrarbær  
Inga Þöll Þórgnýsdóttir, bæjarlögmaður  
Geislagata 9, 600 Akureyri  
Sent rafrænt til: [inga@akureyri.is](mailto:inga@akureyri.is)

Akureyri, 26. janúar 2021  
*Tilvísun í mál nr. 2020090447 09-205*

**Efni: Málefni Bifreiðastöðvar Oddeyrar ehf., kt. 440169-6949.**

Vísað er til fyrri samskipta vegna málsins, sjá m.a. meðfylgjandi erindi til bæjarlögmanns dags. 18. janúar sl.

Umbjóðandi okkar hefur verið í samskiptum við Pétur Inga, sviðsstjóra skipulagssviðs varðandi málið. Hann hefur gefið þær upplýsingar að nauðsynlegt sé að umbjóðandi okkar sendi bænum erindi með starfsemi BSO verði á staðnum lengur en þann tíma sem Akureyrarbær hafði sett fram. Í síðasta erindi sínu gaf bæjarlögmaður upp tímamark 1. júlí 2021.

Margt er óvissu háð um þetta mál og skipulag almennt á svæðinu. Engu að síður, að teknu tilliti til samskipta við sviðsstjóra skipulagssviðs, er farið fram á að Akureyrarbær lýsi því yfir að umbjóðanda okkar verði ekki gert að víkja af reitnum í 24 mánuði, enda hafi samkomulag ekki náðst fyrir þann tíma um annað.

Sérstaklega er áréttað að í erindi þessu felst ekki viðurkenning á sjónarmiðum Akureyrarbæjar í málinu eða skuldbinding um að fara af reitnum fyrir greind tímamörk. Bifreiðastöð Oddeyrar ítrekar gerðar kröfur í málinu og málalíbúnað um réttindi sín til fasteignarinnar og lóðarinnar. Vísað er til fyrri erinda til bæjarlögmanns hvað það varðar.

Virðingarfyllt,  
f.h. Bifreiðastöðvar Oddeyrar ehf.,

Sunná Axelsdóttir  
lögmaður  
Kt. 010783-3209

Sunná Axelsdóttir hdl.

Ólafur Rúnar Ólafsson

Ólafur Rúnar Ólafsson hrl.